



LANDSSAMBAND  
IÐNAÐARMANNA

SAMTÖK ATVINNUREKENDA Í LÖGGILTUM IÐNGREINUM

**Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**  
**Alþingi v/Austurvöll**  
**150 Reykjavík,**

**b.t. Vilhjálms Egilssonar, formanns.**

HALLVEIGARSTÍG 1  
PÓSTHÓLF 102  
121 REYKJAVÍK  
SÍMI (91) 621590  
TELEFAX (91) 12742

*Alþingi*

*Erindi nr. P 116 / 661*

*komudagur 18 / 12 1992*

Reykjavík, 16. desember 1992.

**Efni: Áhrif þess á byggingarkostnað að skerða endurgreiðslu virðisaukaskatts til húsbyggjenda.**

Samkvæmt beiðni, sem fram kom á fundi nefndarinnar í gær, sendist hér með útreikningur á áhrifum þess á vísitölu byggingarkostnaðar, ef endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu á byggingarstað við smíði íbúðarhúsa verður lækkuð í 60%, eins og fyrirbyggjandi frumvarp um breytingar í skattamálum gerir ráð fyrir.

Ljóst er, að allir vinnuliðir, sem veita rétt til endurgreiðslu (sbr. reglugerð nr. 449/1990) munu hækka um 9,8%, og kostnaðarhækkun verður því meiri sem vinnulaunaþáttur vegur þyngra (t.d. viðgerðaverk).

Á fundinum og í umsögn um framangreint frumvarp var því haldið fram af hálfu L.i., að vísitalan mundi hækka um 3,7%. Eftir nánari athugun, sem byggð er á vísitölu byggingarkostnaðar í ítarlegustu sundurliðun og ákvæðum reglugerðar nr. 449/1990, er niðurstaðan 3,63%, sbr. meðfylgjandi yfirlit. Er beðist velvirðingar á þessari ónákvæmni.

Í ljósi þessara miklu verðhækkunarárhifa, atvinnubrests í byggingariðnaði o.fl. leggst Landssamband iðnaðarmanna eindregið gegn því að endurgreiðslur verði skertar. Séu stjórnvöld hins vegar ráðin í því að fylgja þessari breytingu fram, í nafni jafnræðis í skattlagningu, hljóta að koma til skoðunar aðrir skattar, sem leggjast með meiri þunga á byggingarkostnað en aðra vöru og þjónustu. Með því að fella niður þá sértæku skattlagningu, sem felst í vörugjaldi á byggingarefnum má að mati L.i. draga úr framangreindri verðhækkun um nálægt 2%. Því sem á vantar til að viðhalda stöðugu verðlagi, má ná með því að lækka tryggingagjald í byggingariðnaði úr sérstökum gjaldflokki (6,2%) í almennan flokk (2,7%).

Virðingarfyllst,  
**LANDSSAMBAND IÐNAÐARMANNA**

Guðlaugur Stefánsson, hagfræðingur.

<b>Áhrif á byggingarvísitölu</b>									
<b>af lækkun endurgr. á vsk af vinnu í 60%</b>									
Byggingarvísit. skv. Rb-kostnaðarkerfi, des. 1992									
			Opinb. gj., vélar		Vinna	Vinnul.	Hækkun	Hækkun	
	Vinna	Efni	mótal. of.	Samtals	vélam. of.	sem vsk	af endurgr.	sem %	
						endurgr. af	lækkar í 60%	af kostn.	
<b>1.</b>	<b>Undirbygging</b>	670.736	2.017.472	462.901	3.151.109	68.042	602.694	59.064	1,87%
	1.1 Gröftur og fylling	144.568	332.876	376.771	854.215	55.331			
	1.2 Sökkjar	438.182	1.488.843	86.130	2.013.155	12.711			
	1.3 Lagnir í grunn	87.986	195.753	0	283.739				
<b>2.</b>	<b>Yfirbygging</b>	6.126.874	9.074.801	1.266.670	16.468.345	14.207	6.112.667	599.041	3,64%
	2.1 Útveggir	1.400.885	1.803.736	358.500	3.563.121	14.207			
	2.2 Innveggir	1.411.829	1.575.437	366.360	3.353.626				
	2.3 Gólfplötur	662.531	2.170.661	367.920	3.201.112				
	2.4 Stigar	132.311	202.416	23.970	358.697				
	2.6 Pak	909.827	1.848.577	149.920	2.908.324				
	2.7 Gluggar	1.117.510	1.210.537	0	2.328.047				
	2.8 Útihurðir	491.981	263.437	0	755.418				
<b>3.</b>	<b>Frágangur yfirbyggingar</b>	6.843.264	5.369.307	0	12.212.571	0	6.843.264	670.640	5,49%
	3.1 Frágangur útveggja	829.923	305.621	0	1.135.544				
	3.2 Frágangur veggja inni	3.927.337	2.029.225	0	5.956.562				
	3.3 Frágangur gólfa	834.530	2.173.566	0	3.008.096				
	3.4 Frágangur stiga	414.033	448.201	0	862.234				
	3.5 Frágangur lofta	837.441	412.694	0	1.250.135				
<b>4.</b>	<b>Innréttingar</b>	3.232.314	5.598.537	0	8.830.851	0	3.232.314	316.767	3,59%
	4.1 Fastar innréttingar	2.833.818	3.192.756	0	6.026.574				
	4.3 Innihurðir	398.496	2.405.781	0	2.804.277				
<b>5.</b>	<b>Útbúnaður</b>	2.048.522	3.187.582	0	5.236.104	0	2.048.522	200.755	3,83%
	5.1 Hreinlætisbúnaður	165.469	738.960	0	904.429				
	5.2 Frárennslislagir	131.551	104.998	0	236.549				
	5.3 Neysluvatnslagnir	243.765	196.300	0	440.065				
	5.4 Hitlagir	362.240	887.471	0	1.249.711				
	5.5 Rafmagn	1.081.608	1.030.111	0	2.111.719				
	5.6 Annar útbúnaður	63.889	229.742	0	293.631				
<b>6.</b>	<b>Ytri frágangur</b>	0	2.210.180	0	2.210.180	0	0	0	0,00%
<b>7.</b>	<b>Annað (ýmis kostnaður)</b>	2.152.456	3.168.036	3.219.631	8.540.123	0	2.152.456	210.941	2,47%
	<b>Samtals</b>	<b>21.074.166</b>	<b>25.256.608</b>	<b>4.949.202</b>	<b>56.649.283</b>	<b>82.249</b>	<b>20.991.917</b>	<b>2.057.208</b>	<b>3,63%</b>